



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

31. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 10. febrúar 2016, kl 09:15.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik Jakobsson, og Jón Óskar

Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð Skólanefndar frá 28. janúar 2016
3. Bréf Landgræðslu ríkisins dags. 21. janúar 2016
4. Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 22. janúar 2016
5. Bréf ríkisendurskoðunar dags. 29. janúar 2016
6. Endurnýjun samnings við Íþrótt- og ungmennafélagið Mývetning
7. Erindi Sigrúnar Sverrisdóttur dags. 18. janúar 2016
8. Skýrsla sveitarstjóra-munnleg

Efni til kynningar


Fundargerð stjórnar Eypings frá 13. janúar 2016

Afgreiðslur


1. Oddviti setti fund.
2. Lögð fram fundargerð Skólanefndar frá 28. janúar 2016. Fundargerðin er í 9. liðum. 7. liður. Sveitarstjórn þakkar Garðari Finnssyni, Valerija Kiskurno og Eldeyju Gerda Garðarsdóttur fyrir höfðinglega gjöf til leikskólans. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
3. Í bréfinu fer landgræðslustjóri fram á að Skútustaðahreppur uppfylli skyldur er fram koma í 6. gr. samnings Landgræðslu ríkisins, Vegagerðarinnar og Skútustaðahrepps frá 10. október 2010 um Reykjahlíðargirðingu í ljósi þess að sumarið 2015 gengu tugir fjár innan girðingar og fram á haust. Í umræddri 6. grein er kveðið á um að auglýst verði bann við lausagöngu búfjár innan umræddrar girðingar. *Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við Landgræðslu ríkisins um mögulegar lausnir. Bréfinu er jafnframt vísað til umfjöllunar í Landbúnaðar- og girðinganefnd.*
4. Í bréfinu er sveitarfélaginu gefinn kostur á að veita umsögn um framlögð drög að breytingum á byggingareglugerð nr. 112/2012 sem miði að því að lækka byggingakostnað vegna íbúða. *Sveitarstjórn vísar bréfinu til skoðunar og afgreiðslu skipulags- og byggingafulltrúa.*
5. Í bréfinu er minnt á skil ársreiknings vegna Skútusjóðs 2015.
6. Lögð fram drög að styrktarsamningi við Íþrótt- og ungmennafélagið Mývetning. Samkvæmt samningnum styrkir Skútustaðahreppur Mývetning um 650 þúsund krónur á ári tímabilið 2016-2018, auk aðstöðu í íþróttamiðstöð og Skjólbrekku. Gert er ráð fyrir 650 þúsund króna styrk í fjárhagsáætlun 2016. *Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun.*
7. Í bréfinu óskar Sigrún Sverrisdóttir skýringa á ástæðum lokunar sundlaugar. *Sveitarstjóra falið að svara erindinu.*
8. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu málum sem unnið hefur verið að frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar.

YRK

Fundi slitið kl. 09:45


Yngvi Ragnar Kristjánsson


Jóhanna Katrín Þorhallsdóttir


Guðrún Brynleifsdóttir


Sigurður G. Böðvarsson


Friðrik Jakobsson


Jón Óskar Pétursson